Fullgild rafræn undirskrift
JÓN BJÖRGVIN GUÐNASON
Kennitala: 120359-5259
2025-11-21 15:20:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
Kennitala: 240155-3549
2025-11-21 16:15:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
Kennitala: 300871-4619
2025-11-21 19:06:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
Kennitala: 141067-3119
2025-11-24 09:15:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARGRÉT LILJA MARGEIRSDÓTTIR
Kennitala: 101291-3409
2025-11-25 08:35:19 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2025 (138. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 19. nóvember 2025 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Gestir:
Undir dagskrárlið nr. 1: Stefán Gunnar Thors frá VSÓ.
Undir dagskrárlið nr. 5 voru:
Frá Isavia, Sveinbjörn Indriðason forstjóri, Brynjar Vatnsdal deildarstjóri þróunardeildar, Theodóra Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri, Jóhann Torfi Ólafsson deildarstjóri samgangna og fasteigna.
Frá nærliggjandi skipulagssvæðum Sveinn Valdimarsson skipulagsfulltrúi öryggissvæðis, Jón Ben Einarsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Suðurnesjabæjar, Gunnar Kristinn Ottosson skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjanesbæjar.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, uppfærð vinnslutillaga.
Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
Lögð er fram uppfærð vinnslutillaga og viðbrögð við inn komnum athugasemdum. Fram kemur hjá formanni að hann hafi átt fund í innviðaráðuneytinu í gær, eigi von á athugasemdum þaðan og reikni ekki með að afgreiða málið á fundinum.
Stefán kynnir breytingatillögur á gögnum aðalskipulagstillögunnar, þ.e. um mikilvæg fuglasvæði, nýjustu fornleifaskráningu, eldsneytislögn, frumdrög Reykjanesbrautar, almenningssamgöngur, lagnabelti, efnisvinnslusvæði, þjóðhagsleg áhrif og framsetningu.
Afgreiðsla: Málinu er frestað til næsta fundar.

2. Umsagnarbeiðni frá Reykjanesbæ -
Skipulags- og matslýsing á breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 vegna fyrirhugaðrar tvöföldunar Reykjanesbrautar
Mál nr. 1406/2025 í skipulagsgátt. Kynningartími er til 25.11.2025.
Fram kemur að frumdrög að legu Reykjanesbrautar voru unnin í nánu samráði við stýrihóp sveitarfélaganna tveggja, Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar, auk Isavia og Kadeco. Bent er á misræmi á milli þeirra frumdraga og kynntra áformum um breytingar á aðalskipulagi í Reykjanesbæ, svo sem á númeruðum atriðum í kafla 2.2 í skipulags- og matslýsingu. Æskilegt er að við tillögugerðina verði frumdrögin rýnd nánar t.a.m. á

punktur nr. 5 ekki við, ekki er gert ráð fyrir tenginu þaðan að fyrirhuguðu Demantssvæði, og við punkt nr. 7 liggur ekki fyrir ákvörðun um hvort verði göngubrú eða undirgöng.
Afgreiðsla: Skipulagsfulltrúa er falið að senda inn athugasemdir f.h. skipulagsnefndarinnar.

3. **Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, breyting á deiliskipulagi. Viðbrögð Skipulagsstofnunar eftir auglýsingu tillögu.**
Mál nr. 1003/2025 í skipulagsgátt. Viðbrögð Skipulagsstofnunar hafa borist með nokkrum athugasemdum. Þar á meðal telur stofnunin að afla þurfi umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um tillöguna. Umsögnin var að berast og tillaga að viðbrögðum í vinnslu.
Afgreiðsla: Málinu er frestað.

4. **Önnur mál.**
Fram kemur að innviðaráðuneytið er með starfsreglur nefndarinnar í endurskoðun.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 17. desember 2025, kl.10:30 í Reykjavík (hjá Isavia Innanlandsflugvöllum).

5. **Samtal við fulltrúa Isavia (RUMSK) og nærliggjandi skipulagssvæða.**
Fram kemur að formaður átt fund í innviðaráðuneytinu þar sem áhersla var lögð á þrjú atriði: 1) sérrými fyrir almenningssamgöngur og aðgengi Strætó að flugstöðinni, 2) samgöngu og lagnaleiðir á mörkum skipulagssvæða flugvallarins og Reykjanesbæjar og 3) skipulagningu og hönnun flugbrautakerfisins.
Umræður eru um þessi og ýmis fleiri atriði, þ.m.t. um almenningssamgöngur, stefnu um vöxt, þjóðhagsleg áhrif uppbyggingar flugvallarins og áhrif á nær samfélögin, íbúafjölgun og samsetningu, fjölmenningu, uppbyggingaráform Isavia utan girðingar, opinbera birtingu hnitsettra gagna, eldsneytislögn og tvöföldun hennar, svæðamörk og samstarf aðila á svæðinu.
Fram kemur m.a. að Isavia hafi lagt til við innviðaráðuneytið að endurvekja hópinn um almenningssamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar sem skilaði af sér skýrslu í september 2024 og þá einnig með þátttöku sveitarfélaganna á Suðurnesjum til að vinna áfram með tillögur skýrslunnar. Litið sé svo á að ákvörðun um framhaldsvinnu hópsins liggi hjá ráðuneytinu. Þá mun Isavia skoða uppfærslu á skýrslu Aton frá 2016, þar sem m.a. er fjallað um þjóðhagsleg áhrif flugvallarins sem að hluta hefur verið gert í umhverfiskýrslu flugvallarins frá 2022.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:20.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx